



FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2018

14. desember 2017

Áhersluatriði

- Uppsafnaðri fjárfestingarþörf mætt
- Stuðningur við mikilvæga samfélagsþjónustu
- Skuldir og vaxtagjöld halda áfram að lækka
- Kaupmáttur varinn
- Efnahagslegur árangur varðveittur
- Stuðlað að hóflegum hagvexti og stöðugleika með samstilltri hagstjórn peningamála, opinberra mála og vinnumarkaðarins



Áherslur – breytingar frá fjárlögum 2017

Helstu áherslumál ríkisstjórnarinnar	Aukin fjárframlög ma.kr.
Innskýting í heilsugæsluna	1,9
Sjúkrahússpjónusta styrkt	8,5
Framlög til lyfjakaupa	4,2
Niðurgreiðsla á tannlæknakostnaði aldraðra og öryrkja	0,5
Frítekjumark aldraðra vegna atvinnu hækkað	1,1
Hærri framlög til barnabóta*	0,9
Máltækniverkefni	0,5
Framlög til háskóla- og framhaldsskólastigs hækkuð	3,8
Veruleg aukning í samgöngu og fjarskiptamál	3,6
Framlög til umhverfismála	1,7
Aðgerðaáætlun vegna kynferðisbrota	0,4

*Aukning frá áætluðum útgjöldum 2017






FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ


Staða og horfur

Þjóðhagsspá: áframhaldandi vöxtur en minnkandi spenna


Kröftugur hagvöxtur hjaðnar




Afgangur á viðskiptajöfnuði fer dvinandi



Einkaneysla drífur hagvöxt næstu ára




Heildarfjárfesting - íbúðarfjárfesting leiðir vöxtinn




Lykilstærðir og þróun helstu hagstærða

- Landsframleiðsla á föstu verðlagi er orðin 11% hærrí árið 2016 en árið 2008
- Atvinnuleysi hefur ekki verið minna síðan árið 2008, vinnuafli er flutt inn í miklum mæli til að anna eftirspurn
- Mikil kaupmáttaraukning hefur ekki leitt til aukinnar verðbólgu vegna hagstæðra ytri aðstæðna

Framleiðsluspenna í hámarki á síðsta ári og fer dvínandi



Þróun helstu hagstærða




Heimild: Hagstofa Íslands



Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Verðbólga undir markmiði í tæp fjögur ár



Heimild: Hagstofa Íslands


Staða og horfur í efnahagsmálum



FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Afkomuhorfur ríkissjóðs

Áætluð afkoma ríkissjóðs árið 2018




Lykiltölur

	ma.kr	
Frumtekjur	827	30,3% af VLF
Frumgjöld	733	26,9% af VLF
Frumjöfnuður	94	3,4% af VLF
Vaxtatekjur	13	
Vaxtagjöld	72	(að meðtöldum 14 ma.kr. reiknuðum vaxtagjöldum vegna reiknaðra lífeyrisskuldbindinga)
Vaxtajöfnuður	-59	Vaxtagjöld umfram vaxtatekjur.
Heildarjöfnuður	35	1,3% af VLF



Heildarafkoma ríkissjóðs 2004-2018*



- Markmið í ríkisfjármálum er að stuðla að efnahagslegum stöðugleika og styrkja fjárhagsstöðu ríkisins til lengri tíma litið
- Aukinn afgangur í rekstri ríkissjóðs á árunum 2017 og 2018
- Heildarafkoma ríkissjóðs árið 2018 er áætluð um 35 ma.kr. eða sem nemur 1,3% af VLF

*að frátöldum tilteknum óreglulegum og einskiptis tekju- og útgjaldaliðum s.s. stöðugleikaframlögum og einskiptis framlagi til A-deildar LSR árið 2016.




Frumjöfnuður hins opinbera 2016

Ísland og ESB

- Frumjöfnuður er betri en í ríkjum ESB
- Vaxtakostnaður ríkissjóðs er hins vegar hærri hér á landi en í nokkru ríkja ESB þótt skuldastaðan sé í meðallagi
- Til að vega á móti halla á vaxtajöfnuðinum þarf að skila krefjandi afgangi á frumjöfnuði ríkissjóðs sem er meiri en hjá nokkru ríkja ESB
- Brýnt að draga enn frekar úr skulda- og vaxtabyrðinni

Frumjöfnuður
% af VLF

Frumjöfnuður hins opinbera 2016*



*Heimild: Tölur um frumjöfnuð eru frá Eurostat. Fyrir Ísland hefur frumjöfnuður hins opinbera fyrir árið 2016 verið leiðréttur annars vegar fyrir **384,2 ma.kr.** tekjum af stöðugleikaframlögum og hins vegar fyrir 105,1 ma.kr. fjármagnstilfærslu frá ríkissjóði til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins







FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Tekjur

Endurmat tekna ríkissjóðs fyrir árið 2017



Tekjur ríkissjóðs 2018



Skattkerfisbreytingar

Áform í fjárlagafrumvarpi 2018


- Helmingshækkun kolefnisgjalds (+2,0 ma. kr.)
- Hækkun fjármagnstekjuskatts úr 20% í 22% (+1,6 ma. kr.)
- Afnáam afsláttar af vörugjaldi bílaleiga í tveimur jöfnum skrefum (+1,5 ma. kr.)
- VSK undanþága fyrir vistvæna bíla (−2,0 ma. kr.)

Ýmsar breytingar til athugunar


- Lækkun virðisaukaskatts á íslenskt ritmál, tónlist og bækur
- Skattalegt umhverfi fjölmiðla
- Skattlagning höfundarréttargreiðslna



Tekjur aukast um 26 ma.kr. milli 2017 og 2018



Tekjur ríkissjóðs 2004-2018



Án stöðugleikaframlaga 2016. Leiðrétt fyrir helstu óreglulegu liðum, svo sem álagningu á slitabú 2014–2015.
Heimild: Hagstofan (2004–2016) og uppfærð áætlun fjármála- og efnahagsráðuneytisins.






FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Útgjöld

Fjárlagafrumvarp 2018: gjaldahlið

Skipting útgjalda ríkissjóðs árið 2018

- Heildarútgjöld ríkissjóðs árið 2018 eru áætluð um **818 ma.kr.**
- Stærsti hluti útgjalda ríkissjóðs fer til félags, húsnæðis- og tryggingarmála annars vegar og heilbrigðismála hins vegar. Útgjöld til heilbrigðismála eru áætluð **209 ma.kr.** og útgjöld til félags, húsnæðis- og tryggingarmála eru áætluð **211 ma.kr.** Samtals nema þessi útgjöld meira en helmingi af heildarútgjöldum ríkissjóðs.
- Útgjöld til mennta- og menningarmála eru áætluð **99 ma.kr.** eða um 12% af heildarútgjöldum ríkisins.
- Vaxtagjöld eru enn fremur stór hluti af heildarútgjöldum ríkissjóðs en um er að ræða arfleið frá bankahruni. Unnið hefur verið markvisst að því á undanförunum árum að borga niður skuldir og er því haldið áfram á árinu 2018.



* Hér er skipting útgjalda miðuð við eftirfarandi málefnasvið:

Félags- húsnæðis- og tryggingamál : málefnasvið 27-32

Heilbrigðismál: málefnasviða 23-26


Mennta og menningarmál : málefnasvið 18-22



Fjárlagafrumvarp 2018: gjaldahlið

Frumútgjöld ríkissjóðs 2018 aukast um 66 ma.kr.

- **Frumútgjöld 2018**, þ.e. heildarútgjöld að frádregnum vaxtagjöldum aukast um 66 ma.kr. frá frumútgjöldum fjárlaga 2017
- **Bundin útgjöld** þ.e. útgjöld vegna hagrænna og kerfislægra breytingar eða breytingar sem bundnar eru í lögum, samningum eða með ákvörðum ríkisstjórnar aukast um ríflega 45 ma.kr.
- **Niður falla** framlög til tímabundinna eða einskiptisverkefna samtals 3,4 ma.kr.
- **Aðhaldsráðstafanir** nema 4,8 ma.kr.
- **Útgjaldasvigrúm** eða ný og aukin til ýmissa verkefna samtals 10,3 ma.kr.
- **Launa-, gengis- og verðlagsbætur** eru 18,3 ma.kr.
- **Frumútgjöld 2018** verða því 760,3 ma.kr.



Fjárlagafrumvarp 2018: gjaldahlið

Útgjaldaskuldbindingar 2018 aukast um 45 ma.kr.

Helstu breytingar	Útgjöld m.kr.
Aukin útgjöld umfram forsendur fjárlaga 2017	15.530
<i>þar af: Sjúkratryggingar - einkum vegna lækniskostnaðar og lyfja</i>	7.662
<i>þar af: Almannatryggingar – einkum vegna elli- og örorkulífeyrisþega</i>	5.956
<i>þar af: Útlendingamál – vegna aukins fjölda umsókna um hæli</i>	1.912
Almannatryggingar - áætluð fjölgun bótaþega 2018	2.672
Framkvæmdir við Dýrafjarðargöng	3.500
Bygging nýs Landspítala	1.500
Hækkun stofnframlaga til byggingar og kaupa á almennum íbúðum	1.500
Atvinnuleysisbætur – spá um aukið atvinnuleysi frá forsendum fjárlaga 2017	1.454
Fæðingarorlofssjóður – hækkun hámarksgreiðslna og kjarasamninga	1.092
Hækkun framlaga til framhalds- og háskóla meðal annars til að auka gæði náms	2.259
Framkvæmdalok við Norðfjarðargöng, vegtengingu o.fl. við Bakka	-2.553
Vaxtabætur – m.v. óbreyttar viðmiðunarfjárhæðir og reiknireglur	-2.015
Önnur bundin útgjöld	12.907
Samtals breytingar á útgjaldaskuldbindingum	45.087



Fjárlagafrumvarp 2018: gjaldahlið Launa-, verðlags- og gengisforsendur

- Áætluð **3,3%** vegin meðalhækkun launa í fjárlögum 2017, a.t.t. að þær tóku flestar gildi um mitt ár
- Launagrunnur fjárlagafrumvarpsins hækkar sem nemur mismuninum á **3,3%** og áætluðum launahækkunum ársins 2017 sem nema **5,1%** eða um **1,7%**
- Áætluð meðallaunahækkun á árinu 2018 nemur **3%**
 - Að teknu tilliti til að áhrifin koma ekki að fullu fram fyrr en á árinu 2019 nemur hækkunin **2,1%**
- Prósentuhækkun bóta nemur **4,7%**
 - Einnig er gert ráð fyrir að bætur elli- og örorkulífeyrisþega sem halda einir heimili hækki um **2,4% til viðbótar** og verði 300 þús.kr. frá og með 1. janúar 2018
- Almennar verðlagsforsendur
 - Leiðrétt er fyrir ofmati á verðbólgu yfirstandandi árs til framtíðar í talnagrunni frumvarpsins þannig að verðlagshækkun milli áranna nemur **2,2%** í stað **2,7%**
- Gengisforsendur
 - Gengisforsendurnar miðast við meðalgengi nóvembermánaðar 2017


Gengisforsendur	
Breyting gengisvísitölu	-7,0%
Breyting á gengi dollars	-9,2%
Breyting á gengi breska pundsins	-8,7%
Breyting á gengi evru	-4,9%



Fjárlagafrumvarp 2018: gjaldahlið

Launa-, verðlags- og gengisbreytingar

- Breyting á fjárlagagrunni 2018
- Hækkun launagrunns vegna launahækkana yfirstandandi árs nemur **3,4 ma.kr.**
- Áhrif áætlaðra launahækkana ársins 2018 nema **6,7 ma.kr.**
- Áætlaður kostnaður ríkissjóðs við 4,7% hækkun bótafjárhæða* nemur **6,7 ma.kr.**
 - Þar af **5,7 ma.kr.** vegna hækkunar á bótum almannatrygginga
- Áætluð hækkun útgjalda vegna almennra verðlagsforsendna nemur um **2,7 ma.kr.**
- Breytt gengi gjaldmiðla leiðir til um **1,2 ma.kr.** brúttólækkunar á fjárheimildum
 - Það á helst við um utanríkismál og lyfjakostnað



*Atvinnuleysisbætur og bætur almannatrygginga



Í hvað fara skattarnir? Heildarútgjöld á íbúa

- Áætlað er að útgjöld á hvern íbúa vegna heilbrigðismála verði 602 þúsund kr. að meðaltali á árinu 2018
- Rekstrarframlög vegna framhaldsskóla eru áætluð um 86 þús. krónur á hvern og bein rekstrarframlög vegna háskólanema eru áætluð tæp 95 þúsund kr. á hvern íbúa
- Þá er áætlað að húsnæðisstuðningur verði tæpar 39 þúsund kr. á hvern íbúa að meðaltali


Útgjöld á hvern íbúa	
Löggæsla	43.170 kr.
Samgöngur	104.077 kr.
Umhverfismál	49.777 kr.
Menning, listir, íþróttá- og æskulýðsmál	39.888 kr.
Framhaldsskólar	86.293 kr.
Háskólar	95.221 kr.
Heilbrigðismál	602.165 kr.
Fjölskyldumál	92.292 kr.
Húsnæðisstuðningur	38.623 kr.
Örorkugreiðslur í almannatryggingakerfinu	160.659 kr.
Málefni aldraðra	219.896 kr.



Fjárlagafrumvarp 2018: gjaldahlið

Skuldbindandi samningar veða 13% af frumútgjöldum 2018

- Fjöldi skuldbindandi samninga 229
 - þar af 98 rekstar- og þjónustuverkefni samtals 74 ma.kr.
 - þar af 131 styrktar- og samstarfsverkefni 22 ma.kr.
- Heildarumfang 96,6 ma.kr. eða 13% af frumútgjöldum 2018
- Umfangið er hlutfallslega mest á þremur málefnasviðunum - *landbúnaði, fjölmiðlun og hjúkrunar- og endurhæfingarþjónustu*
 - ... eða á bilinu 70 - 90% af heildarfjárheimildum málefnasviðanna
- Á málefnasviðinu *fjölmiðlun* skýrist umfangið af þjónustusamningi við Ríkisútvarpið ohf.
- Á málefnasviði *hjúkrunar- og endurhæfingarþjónustu* er stærsti hlutinn vegna rammisamnings um hjúkrunarheimili sem gerður var 2016
- Nær öll útgjöld málefnasviðsins *landbúnaðar* má rekja til búvörusamnings sem gerður var árið 2016



Kynjuð fjárlagagerð nýtt til að bæta ákvarðanatöku

Styður við markmið laga um opinber fjármál

- Bætt vinnubrögð innan stjórnslunnar
- Meiri líkur á því að ná þeim árangri sem til er ætlast
- Upplýstari ákvarðanataka, betri efnahagsstjórn og betri nýting á opinberum fjármunum

Jafnræði og réttlæti

- Vegna mismunandi stöðu fólks hefur tekjuöflun og ráðstöfun opinbers fjár ólík áhrif
- Það getur til að mynda átt við um val fólks á búsetu, atvinnuþátttöku og fæðingartíðni
- Með því að taka mið af þeim aðstöðumun sem er til staðar þá tökum við upplýstari og markvissari ákvarðanir sem ættu að skila betri og réttlátari niðurstöðu

Dæmi um ólík kynjaáhrif er ákvörðun um samnýtingu skattþrepa

- Í kringum 93% af þeirri ívilnun sem af samsköttuninni hlýst hækkar ráðstöfunartekjur karla en einungis í 7% tilvika hjá konum
- Er þessi ívilnun réttlætanlegt út frá markmiðum um jafnrétti kynjanna?

Á árinu 2018:

Bætt vinnubrögð: Hluti af ferli áætlunargerðarinnar.

Betri árangur: Áhersla lögð á málefnasvið og málaflokka sem skipta mestu máli út frá jafnréttissjónarmiði og jafnréttismat nýtt til að bæta ákvarðanatöku.

Upplýst ákvarðanataka: Kortlagning og gagnaöflun um stöðu fólks innan málefnasviða og málaflokka ríkisins.

Forystuhlutverk: Ísland er í formennsku nefndar OECD um kynjaða fjárlagagerð.





FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Lánsfjármál


Skuldir halda áfram að lækka

- Eftir mikla skuldalækkun á yfirstandandi ári halda skuldir áfram að lækka á árinu 2018 eða um 50 ma.kr.
 - Skuldabréfaflokkurinn RIKH 18 er á gjalddaga í október en í honum eru nú 87 ma.kr. útistandandi. Skuldabréfin voru gefin út árið 2008 til þess að fjármagna nýju viðskiptabankana.
 - Á móti RIKH 18 kemur 40 ma.kr. lántaka og verðbætur á verðtryggð ríkisskuldabréf.
- Aðrar breytingar skýrast af lækkun smærri skulda auk áhrifa gengisbreytinga á erlendar skuldir.





Opinberar skuldir lækki niður fyrir lögboðið hámark*




* Skv. skuldareglu nýrra laga um opinber fjármál: Heildarskuldir að frátöldum lífeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum og að frádrögnum innistæðum í Seðlabankanum





Staða lífeyrisskuldbindinga B-deildar LSR



* Án ófjármagnaðra lífeyrisskuldbindinga vegna A-deildar LSR
 Heimild: Ríkisreikningur





FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Umbætur í opinberum rekstri

Skýr stefna, skilvirkur rekstur og markviss forgangsröðun eru forsendur þess að fjármunir nýtist til að skapa bætta þjónustu og aukinn árangur



Samfélagsbreytingar og ör tækniþróun gera kröfur um breytta nálgun í skipulagi opinberrar þjónustu

Mikilvægi opinberrar starfsemi

- Ríkið gegnir stóru og mikilvægu hlutverki í nútímasamfélagi og skiptir þá einu hvort litið er til stærðar þess í efnahagslegu tilliti, þýðingar góðrar þjónustu fyrir borgarana eða skilyrða sem ríkisvaldið skapar atvinnurekstri
- Opinber þjónusta (samneysla) stendur undir um fimmtungi af framleiðslu hagkerfisins og tekur til um fjórðungs starfa á landinu

Þýðing góðrar og öflugrar þjónustu

- Fagleg og skilvirk opinber þjónusta stuðlar að aukinni velferð almennings og styður við verðmætasköpun fyrirtækja
- Veita þarf þjónustu með skilvirkum hætti að tryggja árangur þjónustukerfa

Sveigjanleiki og umbætur

- Rammarnir um starfsemi hins opinbera þurfa að miða að því að starfsemi geti brugðist við breyttum aðstæðum í samfélaginu
- Sífelld þarf að leita tækifæra til að auka skilvirkni og árangur í opinberri þjónustu með því að bæta umgjörð, skipulag, stýringu og stjórnun opinberrar þjónustu



Endurmat útgjalda (e. spending reviews)

- Endurmat útgjalda málefnasviða og málaflokka verður áhersluverkefni næstu ára
- Í því felst kerfisbundin greining á útgjöldum ríkisins
- Endurmatið verður hluti af árlegu áætlanaferli ríkissjóðs
- Markmið verkefnisins er að auka skilvirkni og bæta forgangsröðun og ráðstöfun almannaþjónu





FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2018

13. desember 2017



FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Ítarefni: hugtök

Orðskýringar

Hugtak	Lýsing
Heildarjöfnuður	Heildartekjur að frádregnum heildargjöldum
Vaxtajöfnuður	Vaxtatekjur að frádregnum vaxtagjöldum
Frumjöfnuður	Heildarjöfnuður að frádregnum vaxtajöfnuði
Fjárheimild	Tilgreind fjárhæð sem Alþingi hefur ákveðið að megi ráðstafa á tilteknu fjárlagaári til málefnasviða og málaflokka.
Fjárveiting	Tilgreind fjárhæð í fylgiriti með fjárlögum sem sýnir ráðstöfun fjárheimildar á tilteknu fjárlagaári til stofnana og verkefna.
Málefnasvið	Svið eðlisskyldra málaflokka sem skilgreint er á grunni staðals Sameinuðu þjóðanna um flokkun gjalda.
Málaflokkur	Flokkun eðlisskyldra stjórnarmálefna sem falla undir tiltekið málefnasvið.
Fjármálastefna	Stefna ríkisstjórnar sem lögð er fram á Alþingi um almenn markmið í opinberum fjármálum til eigi skemmri tíma en fimm ára.
Fjármálaáætlun	(voráætlun): Áætlun ríkisstjórnar sem lögð er fram á Alþingi hvert vor. Áætlunin felur í sér greiningu á stöðu efnahagsmála, markmið um þróun fjármála ríkis og sveitarfélaga, ráðstöfun útgjalda ríkisins til málefnasviða og umfjöllun um hvernig markmiðum áætlunarinnar verði náð. Voráætlun byggir á fjármálastefnu.
Opinber fjármál	Fjármál ríkis og sveitarfélaga og stofnana þeirra, svo og sjóða og fyrirtækja sem eru að hálfu eða meiri hluta í eigu ríkis eða sveitarfélaga.

Fjárheimild ≠ fjárveiting

Fjárheimild

- Heimild Alþingis, sem veitt er í fjárlögum og fjáráukalögum, til ráðstöfunar á opinberu fé til málefnasviða og málaflokka.
- Fjárheimild skiptist í rekstrarframlag, rekstrartilfærslu, fjármagnstilfærslu og fjárfestingarframlag
- Birtist í fjármálaáætlun og fjárlögum

Fjárveiting

- Ráðstöfun fjárheimildar á tilteknu fjárlagaári til ríkisaðila, verkefna eða varasjóðs. Ráðherra tekur ákvörðun um fjárveitingar (háð samþykki þings)
- Fjárveiting greinist í rekstrarframlag, rekstrartilfærslu, fjármagnstilfærslu og fjárfestingarframlag
- Birtist í fylgiriti með fjárlögum



Málefnasvið ≠ málaflokkar

Málefnasvið

- Svið eðlisskyldra málaflokka sem skilgreint er á grunni staðals Sameinuðu þjóðanna um flokkun gjalda.
- 34 talsins.

Málaflokkar

- Flokkun eðlisskyldra stjórnarmálefna sem falla undir tiltekið málefnasvið
- 101 talsins



Fjárlög og fylgirit

Fjárlög

- Samkvæmt stjórnarskránni má ekki greiða neitt gjald úr ríkissjóði nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáráukalögum. Með samþykkt fjárlaga hefur Alþingi staðfest skiptingu útgjaldaheimilda á komandi ári.

Fylgirit fjárlaga

- Sýnir skiptingu fjárheimilda í fjárveitingar til ríkisaðila í A-hluta og verkefna og í varasjóði málaflokka og er lagt fram samhliða fjárlagafrumvarpi.
- Fylgiritið sýnir auk þess samanburð fjárveitinga við ríkisreikning fyrir næstliðið ár, fjárveitingar yfirstandandi árs og áætlun fyrir næstu tvö ár þar á eftir.
- Innan tveggja vikna frá samþykkt fjárlaga skal ráðherra uppfæra fylgirit með frumvarpi til fjárlaga á grundvelli tillagna frá hlutaðeigandi ráðherra.
- Ekki er greitt atkvæði um yfirlitin í fylgiritinu líkt og Alþingi gerir með lagagreinar fjárlagafrumvarps.



Annað

- Frumvarpið og allar tölur eru á verðlagi ársins 2018
- Launa og verðlagspróun er tekin sérstaklega fyrir utan ramma

